
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	86. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Fimmtukudagur 27. janúar 2005, kl. 13:00-14:30
Fundarstaður:	Rafmagnsveitur ríkisins, Rauðarárstíg
Fundarefni:	1) Gæði raforku og reglugerð. 2) Breyttir starfshættir í ljósi skipulagsbreytinga. 3) Staða skráningar og gögn ársins 2004. 4) Kostnaður vegna skorts. 5) Vinna ársins 2005. 6) Skýrsla Orkustofnunar um truflanir. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Steingrímur Jónsson
Gunnar Haukur Gunnarsson
Ólafur Pálsson
Jakob Ólafsson

Verkfræðistofan Afl:

Fjarverandi:

Jón Vilhjálmsson
Rúnar S. Svavarsson/ Kristín Haralda Cecilsdóttir
Egill Sigmundsson
Sigfús Guðlaugsson

- 1) Rætt var um reglugerð um gæði raforku sem Iðnaðarráðuneyti/Orkustofnun er búið að gefa út. Fjallað var um tíðnikröfu sem breytt hefur verið frá uppkasti að reglugerð. Sérstaklega höfðu menn áhyggjur af litlum eyjakerfum og þegar breytingar verða hjá stóriðju. NG benti á nýja útgáfu af kröfum frá Norðmönnum þar sem þeir hafa víkkað út kröfurnar fyrir Spennublikk, Spennuþrep og Bjögun. JV var falið að spyrja Orkustofnun um breytingar varðandi Tíðni og hve mikið mál er að gera breytingar á reglugerð.
- 2) NG sagði að Landsnet skrái truflanir fyrir Landsvirkjun. Dreifiveitur sem sjá um rekstur kerfishluta fyrir Landsnet skrá síðan truflanir fyrir þá hluta. Huga þarf að hvernig koma á saman allri skráningu fyrir Landsnet en hún sameinast alla vega eftir árið hjá hópnum. Einnig þurfa veiturnar að huga að því að þær þurfa að aðgreina hjá sér kerfishluta Landsnets svo þær truflanir blandist ekki saman við truflanir í þeirra eigin kerfum. NG ætlar að huga að því hvernig besta er að koma upplýsingaum frá veitunum til Landsnets. JV sagði að mögulegt væri að skrá inn á miðlægan

- gagnagrunn. Rætt var um að veiturnar þyrftu að setja sér markmið skv. reglugerð og bera niðurstöðu skráningar saman við markmið. Einnig var rætt um hvort START hópurinn ætti að vera með gagnasöfnun og úrvinnslu varðandi aðra gæðabætti.
- 3) JÓ sagði að Ragnar væri að fara yfir skráningu ársins 2004 hjá OV. GHG sagðist nýlega hafa lokið við árið 2003 hjá Norðurorku og AFL væri að fara yfir hana. Hann vonaðist itl að geta skráð 2004 fljótlega. SJ sagði að skráningin hefði gengið vel hjá Rarik. Hann spurði hvort ekki væri hægt að fá frá Landsneti upplýsingar um allar skerðingar til Rarik til að bera saman við skráninguna hjá þeim. JV sagði að OV hefði gert þetta undanfarin ár og var JV falið að senda Rarik þessi gögn.
 - 4) JV sagði að áfram hefði dregist að taka saman nýjar tölur um kostnað vegna skorts en nú væru þó komnar nýjar atvinnuvegatölur sem nota mætti í þessum tilgangi. NG benti á að í Noregi væru komin nýleg gögn um þetta og ætlar JV að athuga það.
 - 5) Rætt var um vinnu ársins 2005 og allir sögðust hafa gert ráð fyrir að hún yrði svipuð og í áætlun fyrir 2004 og verður því miðað við það.
 - 6) ÓP sagði að sumarmaður sem hefði átt að koma til Orkustofnunar síðasta sumar hefði ekki komið og því hefði ekkert verið unnið að skýrslu um truflanir.
 - 7) NG sagði að fundur hefði verið haldinn í STÖRST hópnum í júní síðastliðinn.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn um miðjan apríl og þá verður sérstaklega fjallað um markmið fyrirtækjanna sbr. reglugerð.

Jón Vilhjálmsson